

1929

22

15
14. júní Lög þessi öðlast þegar gildi. **2. gr.**

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sér að hegða.

Gjört á Sorgenfrihöll, 14. júní 1929.

Undir Vor konunglega hönd og innsigli.

Christian R.

(L. S.)

Einar Arnason.

16
14. júní

L Ö G

um

lendingar- og leiðarmerki og viðhald þeirra.

Vér Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur, Vinda og Gauta, hertogi í Slésvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þéttmerski, Láenborg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Alþingi hefir fallizt á lög þessi og Vér staðfest þau með samþykki Voru:

1. gr.

Hreppsnefndir í hreppum, er að sjó liggja, skulu safna greinilegum skýrslum um öll lendingar- og leiðarmerki fyrir verstöðvar innan hreppsins og fyrir þá staði, sem opnir bátar leita lendingar á, þegar brim eða veður gerir þeim ókleiðt að lenda í verstöð sinni.

Verstöðvar, sem áður hefir verið stundað útræði frá, en nú eru niður lagðar eða útgerð ekki stunduð frá lengur, skulu taldar með í skýrslum þessum, að svo miklu leyti sem lendingar eru þar nothæfar sem neyðarlendingar.

2. gr.

Skýrslur þessar skulu sendar vitamálastjóra svo fljótt sem auðið er, og í síðasta lagi 6 mánuðum eftir að lög þessi öðlast gildi. Lendingar-

og leiðarmerkjum má ekki breyta frá því, sem auglýst hefir verið, nema **16**
með samþykki vitamálastjóra. 14. júní

3. gr.

Vitamálastjóri semur greinilega skrá yfir öll lendingar- og leiðarmerki eftir skýrslum þeim, sem honum berast. Skrá þessi skal prentuð í sambandi við „Skrá yfir vita og sjómerki á Íslandi“ eða gefin út sérstök eins oft og ástæða er til, en viðbætir árlega, ef einhver breyting verður á árinu.

4. gr.

Sé um verstöð að ræða, þar sem eigandi eða ábúandi tekur uppsáturs- eða viðlegugjöld af bátum þeim, er þaðan stunda róðra, ber þeim, er uppsátursgjöldin taka, að annast uppsetningu og allt viðhald lendingar- og leiðarmerkja. Sé ekki tekið uppsáturs- eða viðlegugjald, kostar hreppssjóður uppsetningu og viðhald nauðsynlegra merkja.

5. gr.

Nú er verstöð lögð niður eða hætt að stunda útræði þaðan, og ber þá hreppsjóði að annast allt viðhald merkjanna, að svo miklu leyti sem lendingarnar eru nothæfar sem neyðarlendingar. Sama gildir um verstöðvar eða lendingar, sem áður eru lagðar niður og þar sem merkin eru týnd eða hafa hrunið, þar ber hreppsnefnd í samráði við vitamálastjóra að sjá um uppsetningu nýrra merkja á kostnað hreppssjóðs, að svo miklu leyti sem ástæða er til, að álíti vitamálastjóra.

6. gr.

Nú er eitthvað af leiðarmerkjunum hús eða húsgafl eða því um líkt, og er þá bannað að rífa það. breyta eða færa úr stað nema því að eins, að annað greinilegt merki sé sett í staðinn í samráði við vitamálastjóra.

7. gr.

Bannað er að byggja hús eða mannvirki, er skyggi á leiðarmerki frá sjónum yfir þann boga sjóndeildarhringsins, sem því er ætlað að sýna lendinguna eða innsiglinguna, og hæfilega langt til beggja handa, og getur hreppsnefnd látið rífa húsið eða mannvirkið á kostnað eiganda þess, ef brotið er á móti þessu.

Ákvæði þessarar greinar ná þó ekki til eigenda eða umráðamanna verstöðva, sem annast viðhald merkjanna samkv. 4. gr., enda setji þeir

16 upp önnur merki ekki ógreinilegri en þau, er fyrir voru, í samráði við 14. júní vitamálastjóra..

8. gr.

Vitamálastjóri hefir eftirlit með, að merkjum þeim, sem hér um getur, sé rétt lýst og þeim sé haldið við. Nú vanrækir sá, er viðhalds-skylduna hefir, að halda merki í viðunandi standi, og er þá vitamála-stjóra heimilt að láta, að undangenginni aðvörun með hæfilegum fresti, framkvæma það á kostnað hans. Slíkan kostnað má taka lögtaki.

9. gr.

Þegar breyting á lendingar- og leiðarmerki hefir verið gerð, auglýsir vitamálastjóri hana á viðeigandi hátt, og tilkynnir hana sér-staklega oddvitum þeirra hreppa, sem næstir eru þeirri verstöð eða lendingarstað, er breytingin er gerð á, ef búast má við, að bátar úr þeim hreppum kynnu að þurfa að leita þangað neyðarlendingar, og skal hver sá oddviti, er slíka tilkynningu fær, tafarlaust láta birta hana á þeim stað í hreppnum, þar sem almennt er venja að birta tilkynningar eða fundarboð, er almenning varða.

10. gr.

Brot gegn lögum þessum varða 100—500 króna sektum.

11. gr.

Með brot á lögum þessum skal fara sem almenn lögreglumál.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sér að hegða.

Gjört á Sorgenfrihöll, 14. júní 1929.

Undir Vor konunglega hönd og innsigli.

Christian R.

(L. S.)

Tryggvi Þórhallsson.